

Veiðifélag Ytri-Rangár  
Bjólu 1  
851Hella

Akureyri, 20. október 2021  
UST202103-125/G.S.Á.  
08.12.02

**Reglubundið eftirlit í fiskeldisstöð Veiðifélags Ytri-Rangár - Húsafelli þann  
30.9.2021**

Þann 30. september sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Veiðifélags Ytri-Rangár, Húsafelli. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Ein ábending var sett fram er varðar leka á stút við útiker og eitt frávik kom fram er varðar:**

1. Gr. 1.3 í starfsleyfi. Skv. starfsleyfi er leyfilegur fjöldi seiða allt að 300.000 og stærð þeirra allt að 40 g. Árið 2020 voru alin als 400.000 seiði í stöðinni sem er umfram heimild.

Samskonar frávik var skráð í eftirlitum árána 2018 og 2020. Rekstraraðili hefur nú sótt um nýtt starfsleyfi fyrir 40 tonna ársframleiðslu til Umhverfisstofnunar. Umsóknin er í vinnslu hjá stofnuninni. Ljóst er að vinnsla starfsleyfisins mun taka einhverja mánuði til viðbótar og hefur rekstraraðili því einnig sótt um undanþágu vegna gr. 1.3 í starfsleyfi til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

**Umhverfisstofnun óskar eftir því að rekstraraðili sendi stofnuninni tímasetta áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 11. nóvember 2021. Einnig óskar Umhverfisstofnun þess að rekstraraðili sendi afrit af niðurstöðu ráðuneytisins til eftirlitsaðila um leið og hún liggur fyrir.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
Sérfræðingur

Hulda Soffía Jónasdóttir  
Sérfræðingur